



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-073U017**


Dagsetning: **17. september 2016**

Staðsetning: **Suðurlandsvegur á Sólheimasandi**

Atvik: **Ekið á vegfarenda**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Staðsetning

**Látinn:**

45 ára karlmaður

**Veður og birta:**

Myrkur, 9°C, V 10 m/s

**Vegur:**

Bundið slitlag. Þurrft yfirborð. Hámarks hraði 90 km/klst.  
Meðaltalsumferð á sólarhring er 1875 ökutæki.

**Tími sólarhrings:**

22:52

**Ökutæki:**

Volkswagen Polo árgerð 2016

## Samantekt

*Áð kvöldi 17. september 2016 var ekið á mann sem stóð á þjóðvegi 1 á Sólheimasandi með þeim afleiðingum að hann lést. Slystaður er við slóða sem liggur að vinsælum ferðamannastað, en slóðinn var lokaður fyrir umferð ökutækja. Myrkur var og þegar slysið átti sér stað var staðurinn ómerktur, óupplýstur og án bílastæða.*

## Lýsing á slysi

Að kvöldi 17. september 2016 var 9 manna hópur erlendra ferðamanna ásamt erlendum leiðsögumanni sínum á vesturleið um Suðurlandsveg á tveimur bifreiðum. Það var myrkur og vestlægur vindur um 10 m/s. Til móts við veginn niður á Sólheimasand var bifreiðunum lagt norðan Suðurlandsvegur og samkvæmt ferðamönnunum steig leiðsögumaðurinn út úr bifreiðinni til að líta til vegar. Á sama tíma var Volkswagen Polo bílaleigubifreið ekið vestur Suðurlandsveg. Auk ökumanns var einn farþegi í framsæti og var hann sofandi, báðir erlendir ferðamenn. Skyndilega sá ökumaðurinn mann standa við veginn og tveimur til þremur sekúndum seinna sá hann annan mann standa á veginum og snúa baki í akstursstefnu bifreiðarinnar. Var það staðfest við rannsókn málsins. Kvaðst ökumaðurinn hafa hemlað en ekki náð að sveigja frá og ekið á manninn. Maðurinn lenti vinstra megin á vélarhlíf bifreiðarinnar, kastaðist síðan af bílnum og út fyrir veg. Við slysið hlaut hann banvæna fjörláverka. Hinn látni var í bláum vindjakka yfir svartri peysu og í svörtum buxum. Engin endurskinsmerki voru á fatnaðinum.



Mynd 1: Mynd tekin í akstursátt Polo bifreiðarinnar.

### Áverkar

Hinn látni hlaut banvæna fjörláverka og lést á slysstað. Niðurstöður réttarkröfnunar styðja frásögn ökumanns um að hinn látni hafi snúið baki í bifreiðina þegar áreksturinn varð. Bæði ökumaður og farþegi Polo bifreiðarinnar voru spenntir í öryggisbelti þegar slysið átti sér stað og hlutu ekki meiðsli.



Mynd 2: Polo bifreiðin á slysstað.

### Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Volkswagen Polo árgerð 2016 og skráð bílaleigubifreið. Bifreiðin var tekin til skoðunar eftir slysið. Ekkert kom fram í þeirri skoðun sem skýrt getur orsök slyssins. Bifreiðin var búin sumarhjólborðum og var loftþrýstingur eðlilegur. Hemlapróf sem gert var eftir slysið sýndi að hemlun var yfir 80% af G sem er vel yfir lágmarkskröfu sem gerð er í reglugerð. Útsýn ökumanns var óhindruð og aðalljós bifreiðarinnar voru í lagi og kveikt var á þeim.

### Ökuhraði

Samkvæmt frásögn ökumanns taldi hann sig vera á um 90 km/klst hraða. Niðurstöður hraðaútreiknings benda til þess að hraðinn hafi verið um 88 km/klst.

### Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn beinn og er óupplýstur. Slóði liggur suður Sólheimasand á þessum stað. Hann er afar vinsæll hjá ferðamönnum sökum flugvélarfylks sem þar er að finna skammt frá. Eftir slysið var leyfður hámarkshraði á þessum vegarkafli tímabundið lækkaður niður í 70 km/klst þar til útbúið hafði verið bílastæði sunnan við þjóðveginn og vegamót inn á þau lagfærð. Sjá mynd að neðan.



Mynd 3: Teikning af bílastæði og vegamótum inn á þau, bílastæði var útbúið eftir slysið og vegamót lagfærð. Teikning fengin frá Vegagerðinni.



## Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar var neikvæð á ökumanni Volkswagen Polo bifreiðarinnar. Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á hinum látna var einnig neikvæð.

## Orsakagreining

- Hinn látni gætti ekki að sér. Hann stóð dökkklæddur og án endurskinsmerkja á veginum í myrkri og snéri baki við aðvífandi umferð.
- Slysavettvangur var við ómerkta ferðamannastað og bílastæði voru ekki til staðar.

## Ábending

Hinum látna bar að viðhafa sérstaka aðgát gagnvart umferð bifreiða á veginum. Á þessum stað er vegurinn óupplýstur þjóðvegur í dreifbýli og stóð maðurinn sem lést í slysinu dökkklæddur á veginum og án endurskinsmerkja. Samkvæmt vitnisburði ökumanns Volkswagen Polo bílaleigubifreiðarinnar stóð hinn látni á vesturakrein með bak í þá akstursátt sem staðfest var við rannsókn málsins. Ökumaður á þjóðvegahraða ferðast um 25 metra á hverri sekúndu (90 km/klst). Líklegt er að ökumaður sé um 2 sekúndur að hefja hemlun eftir að óvænt hætta skapast og fer ökutækið því um 50 metra eftir að hætta verður vart þar til hemlun hefst. Gangandi vegfarendur ættu ávallt að bera skýr endurskinsmerki við göngu í myrkri þar sem þau gera manneskju sýnilega öikumönnum mörgum tugum metra fyrr en ella sem þýðir að ökumenn hafa meiri möguleika á því að bregðast við tímanlega. Þjóðvegir í dreifbýli með bundnu slitlagi hafa flestir 90 km/klst hámarkshraða. Vegir sem bera háan hámarkshraða eru sérstaklega varhugaverðir óvörðum vegfarendum því líkurnar á alvarlegum áverkum aukast hratt með auknum hraða. Rannsóknarnefndin bendir á mikilvægi þess að gangandi vegfarendur gæti ítrustu varúðar þurfi þeir að vera á ferli á vegum, sérstaklega í myrkri, og að þeir fylgist vel með umferð í báðar áttir á stöðum sem þessum.

### Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Brynjólfur Mogensen  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Inga Hersteinsdóttir

### Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 16. október 2017  
Rannsóknarnefnd samgönguslysa